

Námsgagnastofnun

heldur sýningu á námsefni í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ og býður upp á fræðslufundi um nýtt efni.

**Priðjudaginn 17. ágúst nk.
í húsnæði HÍ við Stakkahlíð.**

Á sýningunni verður fjöldi annarra fyrirtækja með fræðslufundi og sýningar á efni.

Sendið skráningar á netfangið
syning@nams.is

Takið fram nafn,
heiti fræðslufundar
og netfang.

Upplýsingar eru einnig á vef
Námsgagnastofnunar.

Allir eru
velkomnir!

Námshagnastofnun kynningar:

nams.is – Ný heimasíða kl. 9:00, 10:00, 11:00, 12:00, 13:00 og 14:00 (stofa H 202)

Í ágúst opnar Námshagnastofnun nýja heimasíðu með ýmsum nýjungum. Við bjóðum upp á kynningar á síðunni, nýrri leitarvél og pöntunarsíðu auk vefverslunar.



Kl. 9:00

Lífsleikni – ruslakista eða raunhæf menntun? (stofa H 207 kl. 9:00)

Fyrst verður fjallað í stuttu máli um fræðilegar forsendur námsgreinarinnar og ávinning af kennslu hennar fyrir skólastarf og velfarnað nemenda. Síðan fer fram kynning á því námsefni sem Námshagnastofnun gefur út í greininni. Umsjón Aldís Yngvadóttir ritstjóri.

Rafeindavinna (stofa H 001 kl. 9:00)

Bókin *Rafeindavinna* kynnt ásamt verkefnum og kennsluhugmyndum. Bókin er ætluð efstu stigum grunnskólans. Umsjón Flemming Madsen og Guðríður Sigurðardóttir ritstjóri. (30 min.)

Að fortíð skal hyggja ef framtíð skal byggja (stofa H 101 kl. 9:00)

Fjallað verður um nýtt námsefni í sögu á mið- og unglíngastigi. Í fyrrihluta kynningarinnar verður fjallað um námsbókina *Frá Róm til Þingvallanna*. Í framhaldi af því verður fjallað um bókaflokkinn *Sögueyjan*, efni sem spannar Íslandssöguna frá landnámi til okkar daga. Einnig verður gerð grein fyrir því efni sem bókunum fylgir. Umsjón Helgi Skúli Kjartansson, Leifur Reynisson og Sigrún Sóley Jökulsdóttir ritstjóri.

Snorra-Edda og Trunt, trunt og tröllin (stofa H 206 kl. 9:00)

Kynnt verður bókina *Trunt, trunt og tröllin* sem er safn af þjóðsögum, ýmsar sigildar sögur og aðrar minna þekktar, ásamt verkefnum og kennsluhugmyndum og þrjár bækur sem eru endursögn *Snorra-Eddu* fyrir mið- og unglíngastig ásamt verkefnum og kennsluhugmyndum. Þetta eru bækurnar *Óðinn og bræður hans*, *Lífið í Ásgarði* og *Æsir á fljúgandi ferð*. Í bókunum þremur eru endursögðir valdir kaflar allt frá upphafi til ragnaraka. Sagt frá því hvernig heimurinn varð til, baráttu ása við vani og jötna, lífinu í Ásgarði, ferðum Þórs til Útgarða-Loka og ragnarökum svo fátt eitt sé nefnt.

Umsjón Auður Fr. Halldórsdóttir og Iðunn Steinsdóttir.

Nemendur með annað móðurmál en íslensku (stofa H 208 kl. 9:00)

Vefurinn *Æfum íslensku* er sérstaklega gerður fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku. Nú hefur verið bætt við hann sögunni *Spurningakeppnin* ásamt verkefnum. Á fundinum munu höfundarnir, Arnbjörg Eiðsdóttir og Þorbjörg Þorsteinsdóttur, kynna þennan hluta. Einnig verður kynntur nýr vefur, *Leikur að íslenskum orðum*, og vefurinn *Sögur frá Íslandi* sem kom út í fyrra. Þá má nefna fjórar nýjar vinnubækur með auðlesnum sögubókum, lesheftið *Hitt og þetta* og verkefni með því ásamt eldra efni eins og *Orðasjóður*, *Kæra dagbók*, *Málfræðibókin mín* o.fl. sem verður einnig til sýnis.

Kl. 9:30

Upplýsingatækni fyrir yngsta stig og vefurinn Fingrafimi (stofa H 001)

Kynntir verða tveir nýir vefir, *Upplýsingatækni fyrir yngsta stig* og vefurinn *Fingrafimi* ásamt kennsluleiðbeiningum og verkefnum. Umsjón Guðríður Sigurðardóttir ritstjóri.

Kl. 11:00

Íslenska á yngsta stigi grunnskólans – alltaf eitthvað nýtt!

(Bratti kl. 11:00)

Á hverju ári bætist við nýtt námsefni í íslensku fyrir yngstu nemendurna. Nú má m.a. nefna Ritrúnarbækurnar vinsælu í nýrri útgáfu, ný stafaspjöld, sex örbækur í flokknum *Listin að lesa og skrifa* og þrjár smábækur. Þá verða kynntir nýir vefir fyrir byrjendur sem miðast við að örva orðaforða og lestur, svo og vefir sem styðja við smábækurnar og eru ætlaðir til að þjálfa ritun. Farið verður í gegnum vefborgið *Íslenska fyrir yngsta stig* til að auðvelda kennurum leit að efni þar og loks lauslega kynnt efni sem er í vinnslu og væntanlegt í lok ársins eða fyrri hluta árs 2011.

Vegurinn heim – heimildarmynd um fjölmenningu (stofa H 208 kl. 11:00)

Farið yfir heimildarmyndina *Vegurinn heim*, sem kemur á vef Námsgagnastofnunar í haust, tilgang hennar og hugmyndafræði sem liggur að baki. Vegurinn heim er hjartnæm íslensk heimildarmynd, byggð á viðtölum við fimm börn innflytjenda á Íslandi. Í henni ræða börnin líf sitt og tilveru hér á landi og lýsa upplifun sinni af því að vera á mörkum ólíkra menningarheima. Kynntar verða kennsluleiðbeiningar og verkefni sem fylgja. Umsjón Jón Gunnar Ólafsson.

Eldgos og umhverfið – þemahefti í unglingadeild (stofa H 206 kl. 11:00)

Kynnt verða þemaheftin *Árið 1918* og *CO2 – Framtíðin í okkar höndum*. Þessi hefti komu út á síðasta skólaári og eru hugsuð til kennslu í samfélagsfræði og náttúrufræði í unglingadeild. Efni bókana verður stuttlega kynnt og rætt verður um hvernig hægt er að nýta sér þemaheftin í kennslu. Umsjón Helgi Grímsson og Sigríður Wöhler ritstjóri.

Landafræði Norðurlanda og Evrópu (stofa H 101 kl. 11:00)

Fjallað verður um nýtt námsefni í landafræði á miðstigi. Í fyrrihluta kynningarinnar verður fjallað um námsbókina *Norðurlönd*. Í framhaldi af því verður kynning á nýrri kennslubók um Evrópu. Einnig verður gerð grein fyrir verkefnum og kennsluleiðbeiningum sem fylgja bókunum. Umsjón Hilmar Sveinbjörnsson og Sigrún Sóley Jökulsdóttir ritstjóri.

Myndmenntavefur (stofa H 205 kl. 11:00)

Í byrjun júní verður *Myndmenntavefurinn* opnaður á vef Námsgagnastofnunar. Vefurinn er mikill fengur fyrir myndmenntakennara. Þar er að finna safn af námsefni, kennsluleiðbeiningum, kennsluhugmyndum og krækjum. Vefurinn er þekktur undir heitinu myndmennt.is. Á kynningunni verða kennarar leiddir í gegnum það námsefni sem á vefnum er að finna. Umsjón Sigrún Ólafsdóttir höfundur vefjarins.

Kl. 13:00

Kompás – handbók um mannréttindafræðslu fyrir ungt fólk. (stofa H 208 kl. 13:00)

Greint verður stuttlega frá inntaki og áherslum handbókarinnar og nokkur viðfangsefni skoðuð og prófuð. Handbókina má sækja í vefútgáfu á vef Námsgagnastofnunar. Umsjón Pétur Björgvin Þorsteinsson og Aldís Yngvadóttir ritstjóri.

Litróf náttúrunnar (stofa H 206 kl. 13:00)

Kynntur verður nýr bókaflokkur í náttúrufræðum fyrir unglingastig sem hefur fengið heitið *Litróf náttúrunnar*. Þetta efni er þýtt og staðfært úr sænsku en Liber gaf það út undir heitinu *Spektrum – Biologi*. Greint verður frá uppbyggingu bókana, inntaki og áherslum auk fylgiefnis. Fyrsta bókin í flokknum, *Lífheimurinn*, verður skoðuð sérstaklega. Umsjón Hafdís Finnbogadóttir ritstjóri.

Foxit Reader og Easy Tutor hjálparforrit (stofa H 205 kl.13:00)

Námsgagnastofnun kynnir, í samvinnu við Tölvumiðstöð fatlaðra, þá möguleika sem nemendur með lestrar- og skriftarerfiðleika hafa til þess að nýta sér efni Námsgagnastofnunar á tölvutæku formi. Foxit Reader er ókeypis forrit sem gerir nemandanum kleift að nota tölvu til að skrifa í hefðbundnar vinnubækur Námsgagnastofnunar á tölvutæku formi. Easy Tutor er sérstaklega hannað með einstaklinga með lestrarerfiðleika eða lesblindu í huga. Notandinn getur skrifað, lesið og yfirfarið texta með röddum sem eru innbyggðar í forritið. Haldin eru sérstök námskeið á vegum TMF. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðunni www.tmf.is. Umsjón Hrönn Birgisdóttir frá Tölvumiðstöð fatlaðra og Guðríður Sigurðardóttir ritstjóri.

Fyrirlestrar frá öðrum útgefendum

Kl. 9:00

Orðagull – Nýtt málörvunarefni (stofa H 209 kl. 9:00)

Kynnt bókina *Orðagull* sem er málörvunarefni sem styrkir vinnsluminni, heyrnræna úrvinnslu, orðaforða og endursögn. Verkefnunum í *Orðagulli* er skipt í tvo flokka eftir þyngd. Bókinni fylgir geisladiskur með öllum vinnublöðum bókarinnar (myndasíðum). Gengið er út frá því að kennsluefnið henti elstu börnum leikskóla og yngstu börnum grunnskóla. Einnig getur það nýst eldri nemendum sem glíma við erfiðleika í vinnsluminni, sem og tvítyngdum nemendum. Umsjón: Bjarney Sigurðardóttir, talmeinafræðingur og sérkennari og Ásthildur Bj. Snorradóttir, talmeinafræðingur.

Tónlist í leikskóla (Útg. Forlagið – stofa H 201 kl. 9:00)

Kynnt bókina *Tónlist í leikskóla*. Bókin er ætluð fagfólki og öðrum sem áhuga hafa á og starfa með tónlist í leikskólum og á yngri stigum grunnskóla. Fjallað er um tónlist sem þroskaþátt í leik barna og skipulögðu starfi í formi söngstunda, tónlistartíma og þemavinnu. Einnig eru margs konar hugmyndir að efni sem nota má jafnt í formlegu starfi sem óformlegu og er því skipt niður í hljóðleiki, sönglög og hlustunarefni. Þrjú diskar fylgja bókinni, tveir með sönglögum þar sem flytjendur eru m.a. Marta Guðrún Halldórsdóttir, Örn Magnússon, Margrét Kristjánsdóttir og Karl Roth og þriðji diskurinn er með tónefni í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Umsjón höfundurinn, Sigríður Pálmadóttir.

CleverBoard: Gagnvirk kennslutafla (Útg. A4 – Skrifstofa og skóli, stofa H 203 kl. 9:00)

Erindið fjallar um CleverBoard kennslutöfluna frá Sahara á Bretlandi. Farið verður yfir kosti þessarar gagnvirku töflu, CleverBoard eða Snjalltöflunnar eins og hún hefur verið nefnd. Í því sambandi verða nefndir bæði kostir sjálftrar töflunnar (þ.e. vélbúnaðarins) og hugbúnaðarins (Lynx 4, WordWall o.fl.). Þess má geta að búið er að þýða á íslensku hugbúnaðinn sem fylgir töflunni. Í boði er lífleg kynning á CleverBoard töflunni og ættu allir, bæði lærðir sem leikir, að hafa gagn og gaman af því að taka þátt í henni. Þátttakendum gefst kostur á að spyrja fyrirlesara spjörunum úr og vonast þeir til að líflegar umræður skapist um gagnvirkar lausnir í námi og kennslu. Umsjón fulltrúar frá A4 og skóla.

Sunflower fyrir náttúruvísindi: Gagnvirk kennsluforrit sem styrkja nám og kennslu (Útg. A4 – Skrifstofa og skóli – stofa H 204 kl. 9:00 og kl. 13:00)

Kynntur ávinningur af notkun Sunflower-kennsluforritanna í Álfstanesskóla sem hefur verið í samstarfi við A4 – Skrifstofu og skóla um innleiðingu forritanna á Íslandi. Farið verður yfir viðmót, helstu forritin og notkunarmöguleikar þeirra útskýrðir. Gauti mun sýna hversu notendavæn og skemmtileg forritin eru sem itarefni við hefðbundið náms- og kennsluefni. Sunflower fyrir náttúruvísindi er safn 27 gagnvirkra kennsluforrita og eru 24 þeirra innan líffræði, eðlis- og efnafræði, eða 8 í hverri námsgrein um sig. Auk þess fylgja þrjú verkfærisforrit til að dýpka skilning nemenda enn frekar á viðfangsefnunum. Sérstaklega verður minnst á verkfærisforritið Gagnsmíð. Til stendur að fylgja Sunflower-forritunum eftir með fjölbreytilegum námskeiðum fyrir kennara. Þau verða auglýst síðar. Þess má geta að Sunflower fyrir náttúruvísindi hlaut veglegan styrk úr Þróunarsjóði námsgagna 2009. Umsjón Gauti Eiríksson, kennari við Álfstanesskóla.

Háskaleikur – það er leikur að læra ... (Útg. Léraður ehf. stofa H 205 kl. 9:00)

Léraður ehf. kynnir *Háskaleik*. Áherslur fyrirtækisins í gegnum árin hafa verið á sviði sk. edutainment og því er kennsluefnið sett upp í leikjaformi, en vörulína fyrirtækisins kallast HÁSKALEIKUR. Fyrsti leikurinn var *Háskaleikur* fyrir tónfræði, sem margir tónlistarskólar landsins hafa nýtt sér undanfarin ár, en í seinni tíð komu svo á markaðinn *Háskaleikur* fyrir tónmennt og nú loks *Háskaleikur* fyrir stærðfræði í grunnskóla. Þann 17. ágúst verður hann kynntur í fyrsta sinn fyrir almenningi. *Háskaleikur* fyrir stærðfræði (5. bekk) er fyrsti leikurinn í þessari seríu, en til stendur að þróa svipaða leiki fyrir 6. til 10. bekk grunnskólans í næstu framtíð. Leikurinn gengur út frá að kennarinn sé virkur þátttakandi í leiknum og að bekknum sé skipt í lið sem keppa hvort við annað. Spurningar og svör eru lesin upp. Umsjón Héðinn Svarfdal Björnsson.

Kl.11:00

Svart á hvítu – námsefni í ritun (Útg. Forlagið, stofa H 201 kl. 11:00)

Kynnt verður bókina *Svart á hvítu*. Í bókinni er saga ritunar rakin í máli og myndum. Fjallað er um sögu leturgerðar, hvenær ritun hófst á Íslandi og hvernig leturgerðir eru í ýmsum löndum. Bókin, sem er þverfagleg og er ætluð börnum á miðstigi, er frekar óvenjuleg kennslubók. Það helgast fyrst og fremst af því að viðfangsefnið, ritun, er hér skoðað á annan hátt en lengst af hefur tíðkast í skólanum. Venjan er að taka hina ýmsu þætti ritunar og kenna þá hvern fyrir sig: Skrift, ritun texta, stafsetningu, málfræði. Hér er sú leið farin að líta heildstætt á fyrirbærið ritun. Hvað er það eiginlega? Hvenær og hvernig varð það til? Hvert er eðli ritunar? Hvaða áhrif hafði þessi uppgötvun á sögu mannkynsins og hvaða áhrif hefur hún á daglegt líf okkar? Umsjón höfundurinn, Ragnheiður Gestsdóttir.

Rannsóknarstofa námsgagna – Kynningar á fjórum rannsóknum um námsgögn og námsgagnagerð (Stofa H 001 kl. 11:00)

Hver kynning tekur u.þ.b. 15 mín.

- » Karl Ágústsson: Sjálfstæðissjónarhornið í sögukennslubókum framhaldsskóla, í rannsóknum, stjórn málaumræðu og sögukennslu, með áherslu á þjóðfundinn, lýðveldisstofnunina og þorskastríðin.
- » Pálmi Magnússon: Var Jón Arason þjóðhetja? Breytilegt viðhorf til siðaskiptanna á Íslandi í kennslubókum, rannsóknum og sögukennslu í framhaldsskólum.
- » Haukur Arason: Eðlisfræði- og efnafræðikennslubækur á unglíngastigi grunnskóla: viðtökur, læsileiki, lesskilningur.
- » Þorsteinn Helgason: Hvað er að gerast í námsefnisrannsóknum í nágrannalöndunum?
- » Hafþór Guðjónsson: Læsi á náttúrufræðitexta – hvað er það og hvernig má þjálfna slíkt læsi?

Ljáðu mér eyra – Tengsl hljóðkerfisvitundar og lestrar. (Útg. A4 – Skrifstofa og skóli, stofa H 203 kl. 11:00 og kl. 13:00)

Kynntar hagnýtar aðferðir í kennslu barna með lestrarerfiðleika og samstarf foreldra, leik- og grunnskóla á grundvelli snemmtækra íhlutunar. Erindið tengist m.a. þriðju útgáfu verkefnabókarinnar *Ljáðu mér eyra*: – Undirbúningur fyrir lestur sem hefur verið uppseld lengi. *Ljáðu mér eyra* er vinnubók fyrir börn. Hún byggist á skemmtilegum og aðgengilegum verkefnum sem styrkja hljóðkerfisvitund og stuðla þannig að aukinni lestrarfærni. Bókin hentar vel fyrir börn í leik- og grunnskóla sem eru að læra stafi og hefja lestrarnám. Hún hentar sérstaklega vel þeim börnum sem eru í áhættuhópi vegna lestrarörðugleika. *Ljáðu mér eyra* hefur verið uppfærð þannig að nú fylgja henni matslistar og viðbótarverkefni ásamt verðlaunaskjali á sérstökum geisladiski. Til stendur að fylgja bókinni eftir með námskeiðum fyrir foreldra, kennara og aðra uppálendur. Þau verða auglýst síðar. Umsjón Ásthildur Bj. Snorradóttir talmeinafræðingur hjá Talþjálfun Reykjavíkur og höfundur bókarinnar.

Lífsleikni Njálu – Siðfræði fyrir unglíng. (Útg. A4- Skrifstofa og skóli, stofa H 204 kl. 11:00)

Kynnt bókina Lífsleikni Njálu – Siðfræði fyrir unglíng. Fjallað verður m.a. um þá lærdóma sem draga má af orðum og atferli persóna í sögunni og nýtast íslenskum unglíngum í dag. Ekki er gerð krafa um að þeir lesi eða hafi lesið Njálu. Texti, dæmi og verkefni bókarinnar eiga að nægja nemendum. Meginmarkmiðið er að nýta þetta sigilda bókmenntaverk okkar Íslendinga til að þjálfna nemendur í að greina og skýra mannlega breytni, með því að rýna í

orð og athafnir persónanna í sögunni með hjálp þeirra aðferða sem heimspekin, nánar tiltekið dygðasiðfræði Sókratesar hefur yfir að ráða. Umsjón Athúr Björgvin Bollason.

Vanda málið – heildstætt námsefni í íslensku fyrir miðstig (Útg. Skólavefurinn, stofa H 207 kl: 11:00)

Vanda málið er yfirheiti á nýju heildstæðu námsefni í íslensku fyrir miðstig eftir þá Baldur Hafstað, Þórð Helgason, Sigurð Konráðsson og Ingólf Kristjánsson. Efnið samanstendur af þremur lesbókum og þremur vinnubókum fyrir hvern árgang en að auki fylgir efninu ítarlegur vefstuðningur. Á vefhluta efnisins geta kennarar sótt kennsluleiðbeiningar, léttari og þyngri aukaverkefni og fleira sem auðveldar þeim að einstaklingsmiða námið. Nemendur geta svo nýtt sér að á vefnum er að finna allar æfingar úr vinnubókunum í gagnvirkum búningi, alla lestextana úr lesbókunum upplesna og niðurhalanlega, viðamikla hugtakabanka, myndbandsskýringar og fleira. Allt þetta veitir nemendum stuðning og eykur á þátttöku foreldra í námi barna sinna og eykur á virðingu gagnvart skólastarfinu. Umsjón Páll Guðbrandsson og Baldur Hafstað.

Legó Mindstorm og First Legó keppnin (Útg. Barnasmiðjan, stofa H 209 kl. 11:00)

Kynnt verður *Legó Mindstorm* sem kennslugagn og samstarf Barnasmiðjunnar við verkfræðideild Háskóla Íslands um First Legó keppnina. Hugmyndafræði keppinnar er að nemendur læri að vinna saman og taki þátt í nýsköpun og hönnun í þágu samfélagsins. Markmiðið með keppninni er að vekja áhuga grunnskólanema á vísindum og tækni ásamt því að byggja upp sjálfstraust þeirra, leiðtogaþæfni og lífsleikni. Keppendur eru á aldrinum 9 til 16 ára auk liðsstjóra. Keppnin felst í eftirfarandi þáttum: Smíði á vélmenni úr tölvustýrðu LEGO og að forrita það til að leysa ákveðnar þrautir, rannsóknarverkefni, dagbók/ferilskráningu og skemmtiatriðum. Umsjón Jenný Ruth Hrafnadóttir, vélaverkfræðingur.

Kl. 13:00

Nýtt kennsluefni í tónlist fyrir 3–8 ára börn (Útg. Höfum gaman ehf. stofa H 001 kl.13:00)

Kynntar verða þrjár nýjar útgáfur í tónlist fyrir börn. *Gaman saman með Pétri og úlfinum* og *Gaman saman með Karnivali dýranna* er kennsluefni í tónlist og hreyfingu. Efnið inniheldur ítarlegar kennsluleiðbeiningar með fjölbreyttum hugmyndum að því hvernig hægt er að nota efnið. Markmiðið með efninu er að nemendur þekki tónlistina við *Pétur og úlfinn* eftir Prokofief og *Karnival dýranna* eftir Saint-Saëns, þekki hvaða tónlist á við persónurnar og dýrin og viti hvernig hljóðfærin líta út og hljóma. Við spilum og leikum við litlu börnin er kennsluefni / bók og geisladiskur með 10 mismunandi tónlistarleikjum. 23 tónðæmi fylgja með efninu á nótum og á geisladiski. Þetta eru tónlistarleikir með píanóundirleik. Kennari les sögu sem fylgir hverjum leik, spilar tónlistina og nemendur upplifa og leika það sem er að gerast í gegnum hreyfingu. Umsjón Linda Margrét Sigfúsdóttir.

Hlusta.is (stofa H 207 kl. 13:00)

Kynntur verður vefurinn hlusta.is. sem hefur að geyma mikið magn af hljóðbókum, skáldsögum, smásögum ljóðum o.fl. Fram að þessu hefur skort námsefni sem þjálfa hlustun með beinum hætti og hafa kennarar kvartað undan skorti á slíku efni. Hlusta.is mun bjóða grunnskólum stigskiptar hlustunaræfingar næsta vetur. Getu til að hlusta og meðtaka hefur eðlilega verið tengd við betri námsárangur, aukin afköst og hraða í lausn vandamála, betri samskipti og aukið traust milli einstaklinga, aukna nákvæmni og færri mistök, öryggi

og yfirvegun í samskiptum, betri þekkingu á málefnum og skapandi lausnir. Hlusta.is vill því kynna grunnskólunum vefinn sinn og þá möguleika sem þar bjóðast. Umsjón Aðalsteinn Júlíus Magnússon

Fimm vinir í leik og lestri – kennsluefni í lestri fyrir 1. bekk grunnskóla (Útg. Bjartur, stofa H 101 kl. 13:00)

Skýrt verður frá niðurstöðum könnunar sem gerð var meðal kennara sem notuðu kennsluefnið skólaárið 2009–2010. Fjallað er um verkefni sem varða hljóðkerfisvitund og lestrartækni, texta, orð og sögur sem tengjast þeim. Gerð verður grein fyrir endurbótum sem gerðar voru á vinnubók fyrir fyrstu endurprentun á bókunum. Fjallað verður um kennsluefni og matsverkefni sem er að finna á vef Lestrarseturs Rannveigar Lund og kennarar í almennri kennslu og sérkennslu geta nýtt sér við kennslu Fimm vina í leik og lestri skólaárið 2010–2011. Lýst verður í grófum dráttum inntaki kennsluefnis sem unnið er að fyrir 2. bekk í framhaldi af Fimm vinum í leik og lestri. Umsjón Rannveig Lund, sérfræðingur í læsi.

Skerpa 1, 2 og 3 – námsefni í íslensku (Útg. Forlagið – stofa H 201 kl. 13:00)

Kynntar verða *Skerpa 1, 2 og 3*. Höfundar bókanna kynna þessar kennslubækur sem hafa verið kenndar í fjölmörgum grunnskólum um allt land sl. ár. Í sumar er væntanleg lokaútgáfa Skerpu 3 sem hefur verið kennd í tilraunaútgáfu fram til þessa. Námsefnið samanstendur af verkefnabókum fyrir hvern árgang og vef fyrir bæði nemendur og kennara. Uppbygging verkefnabóka allra árganganna er sú sama. Hver bók skiptist í 8 til 10 lotur og áætlaður vinnutími hvernar lotu er þrjár vikur. Mikil áhersla er lögð á að verkefni bókanna reyni á rökhugsun, skilning og færni einstaklingsins til að skipuleggja nám sitt í nútíð og framtíð. Umsjón höfundar bókanna Guðbjörg Grímsdóttir, Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir og Kristjana Hallgrímsdóttir.

Gunnlaugs saga ormstungu í útgáfu fyrir grunnskólann (Útg. Hólar, stofa H 209 kl. 13:00)

Á þessum fræðslufundi er kynnt bókinn *Gunnlaugs saga ormstungu*. Þetta er að sumu leyti nokkuð nýstárleg útgáfa, sniðin sérstaklega fyrir unglingadeildir grunnskólans. Uppsetning er á þann veg að sögutextinn er ávallt á hægri síðu en á síðunni á móti eru nákvæmar orðskýringar ásamt verkefnum og athugunarefnum af ýmsum toga. Vísað er til þess að árið sem bókinn kom út, 2009, voru liðin eitt þúsund ár frá því að Gunnlaugur og Hrafn börðust á Dinganesi. Af þessu tilefni er sérstaklega hugað að einvíginu í þessari útgáfu. Vísunum í bókinni fylgja þýðingar þar sem þær koma fyrir í textanum en nákvæmar skýringar er að finna aftast í bókinni. Þar eru einnig upprifjunarspurningar sem geta þjónað margvíslegum tilgangi, s.s. til upprifjunar, til að glöggva sig á aðalatriðum, sem prófspurningar o.m.fl. Fjölmargar teikningar prýða bókina. Þær eru gerðar af ungum myndlistarmanni, Magna Þór Péturssyni, sem sjálfur er nemi í grunnskólanum. Umsjón Ragnar Ingi Aðalsteinsson.

Sunflower fyrir náttúruvísindi: Gagnvirk kennsluforrit sem styrkja nám og kennslu (Útg. A4 – Skrifstofa og skóli – stofa H 204 kl. 13:00)

Ljáðu mér eyra – Tengsl hljóðkerfisvitundar og lestrar. (Útg. A4 – Skrifstofa og skóli, stofa H 203 kl. 13:00)

Ellen Klara Eyjólfsdóttir
Kynningarstjóri